

2308. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 28. febrúar 2024 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Þorvaldur Örlygsson formaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ingi Sigurðsson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir, Unnar Stefán Sigurðsson, Sveinn Gíslason og Þorkell Máni Pétursson.

Mættir starfsmenn: Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri. Þá tóku Jörundur Áki Sveinsson sviðsstjóri knattspyrnusviðs og Haukur Hinriksson lögfræðingur sæti á fundinum undir dagskrárlíð 4.

Þorvaldur Örlygsson formaður bauð stjórnarfólk velkomið á fyrsta stjórnarfund nýrrar stjórnar og óskaði þeim stjórnarmönnum sem náðu kjöri á nýliðnu ársþingi til hamingju.

Þá þakkaði stjórn KSÍ Fram kærlega fyrir góðar móttökur og veitta aðstoð við framkvæmd 78. ársþings KSÍ og Breiðabliki fyrir veitta aðstoð við framkvæmd landsleiks Íslands og Serbíu. Enn fremur þakkaði stjórn starfsfólki sambandsins og öðrum sem komu að þessum viðburðum fyrir þeirra mikla framlag.

1. Stjórnarfólk undirritaði *yfirlýsingu um trúnað, virðingu og framkomu fulltrúa KSÍ.*
2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt af fyrrverandi stjórn.
 - a. Fundargerð 2307.
3. Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ gerði tillögu um skipan varaformanna, þau Helgu Helgadóttur sem fyrsta varaformann og Inga Sigurðsson sem annan varaformann. *Stjórn samþykkti tillögu formanns.* Umræðu um skipan í nefndir var frestað en þeim nefndum sem skipaðir voru á síðasta starfsári gefið umboð til starfa þar til nýjar nefndir hafa verið skipaðar.
4. Rætt var um málefni A landsliðs karla og komandi verkefni.
5. Ráðningarferill, starf framkvæmdastjóra
Stjórn KSÍ samþykkti að framlengja umsóknarfrest um starf framkvæmdastjóra um viku, þ.e. til og með 6. mars næstkomandi til að gefa nýrri stjórn og nýjum formanni svigrúm til að undirbúa ráðningarferlið sem best. Þá samþykkti stjórn að ráðningarferlið verði í umsjón Þorvaldar Örlygssonar formanns, Helgu Helgadóttur fyrsta varaformanns og Pálma Haraldssonar. Ráðningahópurinn mun síðan leggja inn tillögu til stjórnar.

Þá samþykkti stjórn að Jörundur Áki Sveinsson sviðsstjóri knattspyrnusviðs taki tímabundið við stöðu framkvæmdastjóra og gegni því starfi með sérstöku stjórnendateymi sér við hlið, þ.e. þeim Birki Sveinssyni mótastjóra, Bryndísi Einarsdóttur fjármálastjóra og Ómari Smárasyni deildarstjóra samskiptadeildar KSÍ. Klara Bjartmarz, fráfarandi framkvæmdastjóri KSÍ, verður stjórnendateyminu til ráðgjafar eins og þurfa þykir og við verður komið.

6. Önnur mál
 - a. Þorvaldur Örlygsson formaður greindi frá fundi sem hann og Pálmi Haraldsson áttu með Ásmundi Einari Daðasyni ráðherra íþróttamála og aðstoðarmanni hans þriðjudaginn 27. febrúar. Þá greindi Þorvaldur frá fundi sem fyrirhugaður er fimmtudaginn 29. mars með ÍTF og mögulega viljayfirlýsingu KSÍ og ÍTF um samstarf.
 - b. Starfsáætlun stjórnar verður lögð fram á næsta stjórnarfund.

Fundi slitið kl. 17:30

Fundarritari

Klara Bjartmarz